Nr. 5.
19.
febr.

# Lög

um

friðun á laxi.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Eigi má lax veiða í sjó, ám eða vötnum nema 3 mánuði á hverju sumri. Sýslunefnd skal í hverju hjeraði setja fastar reglur um, hvenær veiðitíminn skuli þar byrja og enda. Á þessum veiðitíma skal þó lax friðaður 36 stundir í viku hverri, eða frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum, og skulu þá öll laxanet tekin upp, og allar veiðivjelar standa opnar, svo lax hafi frjálsa göngu. Net þau, er svo eru gjörð, að ekki getur lax fest sig í þeim, teljast með föstum veiðivjelum.

2. gr.

Ekki má leggja net, setja garða eða aðrar fastar veiðivjelar lengra út í nokkra á, en í hana miðja, og þó því að eins svo langt út, að hinn helmingur árinnar sje eigi grynnri en sá, sem þvergirtur er.

Nú vilja menn leggja net eða setja garða eða veiðivjel út frá báðum löndum, og skal þá svo leggja, að ávallt sje 30 faðma bil eptir endilangri ánni milli veiðivjela. Eigi einn maður veiði í á, er honum heimilt að veiða með þvergirðing; en renni á í fleiri kvíslum, má enginn þvergirða eina þeirra, nema meiri sje fiskiför í annari, og þó því að eins, að hann eigi einn veiði í þeirri kvísl.

3. gr.

Eigi má leggja net eða veiðivjel úti fyrir ósamynnum í stöðuvötn eða sjó, þar sem lax gengur, svo för hans sje hindruð. Ádráttarveiði má við hafa í ám; þó má ekki

# Lov

Nr. 5.
19de
Febr.

om

## Fredning af Lax.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Laxefiskeri i Havet, Aaer eller Indsøer maa kun drives 3 Maaneder hver Sommer. Sysselforstanderskabet skal i hver Egn fastsætte Bestemmelser om, naar Fisketiden der skal begynde og ende. I denne Fisketid skal dog Lax fredes 36 Timer hver Uge, eller fra Kl. 9 Lørdag Aften til Kl. 9 Mandag Morgen, og skulle da alle Laxegarn optages og alle Fiskeindretninger staa aabne, for at Laxen kan have fri Gang. De Garn, der ere af den Beskaffenhed, at Lax ikke kan fæste sig i dem, henregnes til faste Fiskeindretninger.

§ 2.

Ingen maa udlægge Garn eller anbringe Dæmninger eller andre faste Fiskeindretninger i en Aa længere ud end til Midten af denne, dog saalangt ud kun forsaavidt Aaens anden Halvdel ikke er mindre dyb end den tværgjærdede.

Naar man ud fra begge Aaens Bredder vil lægge Garn, anbringe Dæmninger eller Fiskeindretninger, skal der altid i Aaens hele Længde være et Mellemrum af 30 Favne mellem Fiskeindretningerne. Dersom kun En har Fiskeret i en Aa, skal det være ham tilladt at anbringe Tværgjærder, men flyder Aaen i flere Arme, maa Ingen tværgjærde en af disse, medmindre Laxen søger i større Mængde op ad en af de andre Arme og dog under Forudsætning af, at han alene har Fiskeret i den Arm af Aaen.

§ 3.

Ingen maa udlægge Garn eller Fiskeindretninger i Indsøer eller Havet ved Flodmundinger, hvor der findes Lax, saaledes at dens Gang hindres. Vaaddragning skal være

Nr. 5. 19. febr. draga á nema frá dagmálum til náttmála og í árósum einungis fyrir göngu annars hvors flóðs. Heimilt er að veiða lax með stöng, en eigi með sting eða krók. Til vísindalegra þarfa og laxaklaks má lax veiða á hverjum tíma árs sem er.

4. gr.

Hverjum manni er heimilt að skjóta sel og styggja í ám og árósum, er lax gengur um; þó má ekki raska þinglesinni friðun eggvera og selalátra, nema fullt gjald komi fyrir, slíkt er dómkvaddir menn meta.

5. gr.

Engin veiðarfæri nje veiðivjelar má við hafa, er taka smálax. Skulu möskvar í laxnetum ekki minni vera, þá votir eru, en 9 þumlungar ummáls. Net, hvort sem eru lagnet eða ádráttarnet, mega eigi tvöföld vera.

Á hverri laxveiðivjel skulu vera svo stór op, að enginn lax, sem ekki er meiri en 9 þumlungar ummáls, þar sem hann er gildastur, staðnæmist í vjelinni. Sjeu grindur í vjelinni, skulu spelar standa lóðrjett upp og ofan, og sje eigi skemmra bil milli þeirra en 1½ þumlungur.

6. gr.

Nú vill meiri hluti veiðieiganda í á, sem lax gengur í, veiða í fjelagi, til að koma á meiri friðun, en lög þessi ákveða, og skulu þá þeir, sem friðunina vilja fram hafa, leggja málið fyrir hlutaðeigandi sýslunefnd. Álíti sýslunefndin rjetti einskis hallað, skal hún semja reglur fyrir veiðiaðferðinni og skiptingu á veiðinni, og eru allir hlutaðeigendur skyldir því að hlíta. Þegar svona stendur á, skal höfuðáin og allar laxgengur ár, sem í hana renna, álítast sem ein á.

7. gr.

Nú er svo háttað á einhverjum stað, að nauðsyn þykir til bera, að kveða skýrara á um eitthvað það, sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er sýslunefnd einni eða fleirum heimilt að setja um það reglugjörð, en þó svo, að grundvallarreglum laga þessara um friðun laxins og frjálsa göngu sje í engu haggað. Reglugjörðir sýslunefnda, sem getið er í þessari grein og 6. gr., skal amtmaður staðfesta, og fá þær þá fullt lagagildi um næstu 10 ár.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða allt að 100 kr. sekt. Allt ólöglegt veiðifang og öll ólögleg veiðiáhöld skulu upptæk, og skal fógeti tafarlaust taka upp öll ólögleg veiðigögn og nema burtu ólögmætar girðingar.

Sektir samkvæmt lögum þessum renni að helmingi í sveitarsjóð þann, er hlut á að máli, og að helmingi til uppljóstrarmanns; en andvirði ólöglegra veiðiáhalda renni eingöngu í sveitarsjóð eða sveitarsjóði.

9. gr.

Mál um brot gegn lögum þessum eða staðfestum samþykktum eru almenn lög-

tilladt i Aaer, dog kun i Tiden fra Kl. 9 Morgen til Kl. 9 Aften og i Aamundinger kun før Opgangen ved hvert andet Højvande. Laxefiskeri kan drives med Laxestang, derimod ikke med Sting eller Huggekrog. Til videnskabelig Benyttelse og Laxeopdrætning kan Lax fiskes paa hvilkensomhelst Tid af Aaret. Nr. 5. 19de Febr.

§ 4.

Enhver kan i Aaer og Aamundinger, hvor der findes Lax, skyde paa og skræmme Sælhunde, dog maa thinglæst Fredning af Værpesteder og Steder, der bruges til Sælhundefangst (látur), ikke forstyrres uden fuld Erstatning efter af Retten udmeldte Mænds Skjøn.

§ 5.

Ingen Fiskeredskaber eller Fiskeindretninger, hvorved smaa Lax fanges, maa anvendes. Masker i Laxegarn maa ikke i vaad Tilstand være mindre i Omkreds end 9 Tommer. Ingen Garn, hverken Sættegarn eller Vaad, maa være dobbelte.

Enhver Laxefiskeindretning skal være forsynet med saa store Aabninger, at ingen Lax, som ikke paa det tykkeste Sted er over 9 Tommer i Omkreds, standses i den. Ifald Fiskeindretningen er forsynet med Gitre, skulle Tremmerne staa lodret op og ned med et Mellemrum af mindst 1½ Tomme.

§ 6.

Naar Flertallet af dem, der have Fiskeret i en Aa, vil drive Fiskeri i Fællesskab for at faa tilvejebragt en yderligere Fredning end i nærværende Lov fastsat, skulle de, der ønske en saadan Fredning, forelægge Sagen for vedkommende Sysselforstanderskab. Dersom dette mener, at Ingens Ret herved krænkes, bør det affatte Regler for Fiskemaaden samt Fangstens Deling, hvilke Regler alle Vedkommende skulle rette sig efter. I saadanne Tilfælde skal Hovedaaen og alle Aaer, der løbe i den, i hvilke Lax kan gaa, betragtes som en Aa.

§ 7.

Naar de lokale Forhold gjøre det nødvendigt nærmere at bestemme et eller andet, hvorom nærværende Lov indeholder Forskrifter, kan et eller flere Sysselforstanderskaber derom affatte et Reglement, dog saaledes, at de om Laxens Fredning og fri Gang i nærværende Lov fastsatte Grundprinciper i ingen Henseende rokkes. De af Sysselforstanderskaber affattede, i nærværende Paragraf samt i § 6 nævnte Reglementer skulle stadfæstes af Amtmanden, hvorefter de have fuld Lovskraft i de næste 10 Aar.

§ 8.

Overtrædelser af nærværende Lov straffes med Bøder af indtil 100 Kr. Al ulovlig Fangst og ulovlige Fiskeredskaber skulle være forbrudte, og bør Fogden uden Ophold optage alle ulovlige Fiskeredskaber og fjerne alle lovstridige Fiskegjærder.

Bøder i Henhold til nærværende Lov tilfalde vedkommende Kommunekasse med det Halve, hvorimod den anden Halvdel tilfalder Angiveren; de lovstridige Fiskeredskabers Provenu tilfalder Kommunekassen eller Kommunekasserne alene.

§ 9.

Sager angaaende Overtrædelser af nærværende Lov eller stadfæstede Vedtægter ere

Nr. 5. 19. febr. reglumál. Þó getur sá, sem fyrir sök er hafður, komizt hjá málssókn, ef hann játar brot sitt og greiðir sektir og skaðabætur að fullu, eptir því sem amtmaður ákveður. Rjett er og, að sá, sem fyrir skaða hefir orðið af ólöglegri veiði annara, reki málið sem einkalögreglumál.

10. gr.

Ákvarðanir í Jónsbókar landsleigubálki 56. kap. um veiðar í ám, sem og viðaukalögin 11. maí 1876 um friðun á laxi, eru hjer með úr lögum numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 19. febrúar 1886.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

---

*J. Nellemann.*

offentlige Politisager. Dog kan den Sigtede undgaa Sagsanlæg, saafremt han tilstaar sin Brøde og udreder Bøder og Skadeserstatning fuldt ud efter Amtmandens Bestemmelse. Den ved Andres ulovlige Fiskeri Skadelidte kan ogsaa forfølge Sagen som privat Politisag.



§ 10.

Bestemmelserne i Jonsbogens Landslejebalk Kapitel 56 om Fiskerier i Aaer, samt Lov, indeholdende et Tillæg til disse Bestemmelser, af 11te Maj 1876 om Fredning af Lax ere hermed ophævede.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 19de Februar 1886.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*